



Samtök um Kynheilbrigði

Ársskýrsla 2024-2025

Stjórn

Formaður

Sóley S. Bender, PhD, sérfræðingur í kynheilbrigði

Gjaldkeri

Arna Garðarsdóttir, MS, doktorsnemi

Ritari

Anna Eir Guðfinnudóttir, MS

Meðstjórnendur:

Helga Sigfúsdóttir, MS, doktorsnemi

Katrín Kristín Friðjónsdóttir, kennari

Starfsemi stjórnar

Aðalfundur samtaka um kynheilbrigði (KynHeil) árið 2024 fór fram 23. apríl. Allir í stjórn nema Katrín Hilmarsdóttir gáfu kost á sér áfram til stjórnarsetu. Nýr stjórnarmeðlimur var Katrín Kristín Friðjónsdóttir, kennari. Ákveðið var á fyrsta stjórnarfundum að Sóley yrði áfram formaður, Arna gjaldkeri, Anna Eir ritari, Helga og Katrín yrðu meðstjórnendur. Stjórnin hélt 10 fundi á starfsárinu.

Helstu verkefni stjórnar á stjórnarárinu 2024-2025 hafa falist í kynningarmálum, samstarfi og undirbúningi hvað varðar umsókn um aðild að Alþjóðasamtökum um kynheilbrigði (IPPF) og að undirbúa námskeið fyrir kennara í framhaldsskólum sem munu kenna nýtt kynfræðsluefni sem gefið hefur verið út á vegum samtakanna og nefnist „Kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks“. Auk þess að vinna að styrkumsóknum.

Kynningarmál

Útgáfa og kynning á handbók fyrir unga karlmenn: Ertu klár í kynlífið?

- a) Þann 21. september kynntu höfundar handbókarinnar, þ.e. Sóley S. Bender, Katrín Hilmarsdóttir og Lóa Guðrún Gísladóttir handbókina á aðalfundi Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Var forsiðu handbókarinnar með QR kóðum af heimasíðu KynHeil og af handbókinni dreift til fulltrúa á fundinum. Í lok kynningar voru fyrirspurnir og umræður um handbókina.

- b) Þann 25. sept. var haldið útgáfuhóf til að kynna handbókina fyrir samtökum, stjórnendum og ýmsum fleiri aðilum. Höfundar handbókarinnar héldu erindi um handbókina. Sóley S. Bender fjallaði almennt um handbókina og tilurð hennar, Katrín Hilmarsdóttir og Lóa Guðrún Gísladóttir kynntu kafla handbókarinnar. Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra flutti ávarp. Kynningin var haldin í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð.



Frá kynningunni 25. september





Myndir frá kynningu á handbókinni 25. september 2024 í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð.

- c) Útvarpsþáttur: Mannlegi þátturinn. Sóley og Lóa Guðrún fóru í viðtal í þáttinn 7. október 2024 og kynntu handbókina.
<https://www.ruv.is/utvarp/spila/mannlegi-thatturinn/23616/7hlg35>
- d) Viðtal við formann KynHeil í blaði framhaldsskólanema um handbókina sem kom út í október. Blaðinu var dreift í alla framhaldsskóla.
- e) Beiðni kom í október frá Stígamótum til að fá leyfi til að nýta efni úr handbókinni varðandi smokkanotkun bls. 40-44. Höfundar veittu leyfi til birtingar.
- f) Á göngudeild Húð- og kynsjúkdóma hefur verið sett slóð á handbókina.
- g) Ritstjóri Tímarits hjúkrunarfræðinga hefur nýlega tekið viðtal við Sóleyju S. Bender þar sem hún m.a. kynnti handbókina. Það birtist í fyrsta tölublaði 2025.

Alþjóðadagur kynheilbrigðis 4. sept. 2024

Samtökin hafa ákveðið að halda árlega upp á alþjóðlegan kynheilbrigðisdag. Hafa Alþjóðasamtök um kynheilbrigði s(WAS, World Association for Sexual Health) staðið að þessum degi frá árinu 2010. Þemað árið 2024 var jákvæð sambönd. Þetta árið var ákveðið að vekja athygli á deginum með því að skrifa grein um þennan alþjóðadag í Morgunblaðið. Greinin er aðgengileg á vefsíðu samtakanna. Undirbúningur undir næsta kynheilbrigðisdag er hafinn.

Samstarf

Þingmannasamstarf

Stofnaður var 10 manna þverpólitískur hópur þingmanna sem hefur það að markmiði að vinna að kynheilbrigðismálum. Í hópnum eru tveir þingmenn frá Sjálfstæðisflokki, tveir frá Samfylkingunni, tveir frá Framsókn, einn frá Vinstri grænum, einn frá Pírötum, einn frá Viðreisn og einn frá Flokki fólksins.

Gísli Rafn Ólafsson boðaði fulltrúa stjórnar KynHeil til fundar þann 28. ágúst 2024. Gísli fór yfir aðdragandann og nefndi European Parliament Forum (EPF en. EPF hafi 1-2 ráðstefnur á ári. Þingmenn á Norðurlöndum eru með svona samstarf við samtök um kynheilbrigði (RFSU o.fl.) sem eru með aðild að IPPF. Það verði væntanlega heimsókn til Íslands frá systrasamtökum IPPF, líklega vinnustofa um miðjan nóv. eða byrjun jan. Okkar verkefni gætu m.a. falið í sér að taka þátt í samstarfsfundum, afla gagna, möguleg þátttaka á ráðstefnum og ef til vill fleira. Við lögðum áherslu á kynfræðslu og kynheilbrigðisþjónustu fyrir ungt fólk, ókeypis getnaðarvarnir og nauðsyn þess að gera aðgerðaáætlun á sviði kynheilbrigðis. Við bentum á mikilvægar skýrslur um kynfræðslu, kynsjúkdóma heildarendurskoðun á lögum nr 25/1975 frá 2016 og Action plan WHO í Evrópu um SRH frá 2016. Lögðum jafnframt áherslu á mikilvægi varanlegra langtíma aðgerða og að fyrirbyggja vandann með ýmsum forvörnum.

Þingkosningar voru síðan 30. nóvember og þá dattu fjórir þingmenn út af þingi. Haft hefur verið samband við sitjandi fulltrúa til að koma starfseminni aftur í gang. Það hefur ekki verið haldinn annar fundur en bundnar eru vonir við áframhaldandi samstarf.

Félag Sameinuðu þjóðanna

Formaður Félags Sameinuðu þjóðanna Eva Harðardóttir óskaði eftir að formaður KynHeil tæki þátt í pallborði þann 24. október um nýja skýrslu sem gefin hefur verið út af Mannfjöldasjóði Sameinuðu þjóðanna (UNFPA). Skýrslan er gefin út í tilefni þess að 30 ár eru liðin frá alþjóðlegri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kairó 1994 um mannfjölda og þróun. Skýrslan heitir Interwoven lives, threads of hope, ending inequalities in sexual- and reproductive health and rights.

Undirbúningur

umsókn um aðild að IPPF

Frá árinu 1989 var Sóleyju S. Bender og síðar formanni FKB boðið að vera áheyrnarfulltrúi á Evrópuþingum Alþjóðasamtaka um kynheilbrigði (IPPF) vegna þess áhuga sem hún hafði sýnt samtökunum. Fljótlega eftir stofnun Fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir (FKB) árið 1992 var sótt um aðild að IPPF. Á stofnfundinum 1992

mætti fulltrúi IPPF sem var Hanne Risør. Voru FKB með fulla aðild að IPP til fjölda ára en hélt ekki aðildinni þar sem FKB voru á tímabili ekki með virka starfsemi. Undirbúningur í sambandi við að sækja aftur um aðild hófst fyrir nokkrum árum en þótti nauðsynlegt að starfsemi samtakanna væri komin í góðan farveg áður en sótt væri um að nýju. Á þessu starfsári var hafist handa við að vinna áfram að umsókn um aðild að IPPF. Á nokkrum fundum hefur verið farið yfir þær kröfur sem IPPF setur til að sækja um aðild. Einnig farið yfir fylgiskjöl sem þurfa að fylgja umsókn. Hefur stjórnin séð um að þýða lög og starfsáætlun samtakanna. Að auki hefur verið farið yfir verklag á aðalfundum sem þarf að fylgja eftir til að fullnægja skilyrðum IPPF. Stefnt er að því að senda umsókn til IPPF fljótlega eftir aðalfund.

Námskeið fyrir kennara í framhaldsskólum

Tveggja daga námskeið hefur verið haldið fyrir kennara í framhaldsskólum sem taka þátt í rannsókn á kynfræðsluefninu „Kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks“. Námskeiðið var haldið í Eirbergi dagana 26. og 27. apríl. Það er bæði á vegum Háskóla Íslands og KynHeil þar sem það er hluti af doktorsverkefni Helgu Sigfúsdóttur og KynHeil gaf út kynfræðsluefnið.

Á námskeiðinu kynnti Helga doktorsverkefni sitt og gerði jafnframt grein fyrir niðurstöðum rannsóknar sinnar um kynfræðslu í framhaldsskólum sem meistaraverkefni hennar byggir á. Á námskeiðinu var farið í þá hugmyndafræði sem liggur að baki kynfræðslu, kynverund hinsegin fólks, kynferðislega ánægju og vellíðan en einnig hlutverk kennara, kennsluaðferðir, áskoranir og fjallað um námsefnið og áherslur þess. Auk þess farið í nokkrar æfingar. Kynfræðingarnir Yvonne K. Fulbright og Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir voru með erindi á námskeiðinu.

Námskeiðið var styrkt af samfélagssjóði Landsbankans og Thorvaldsensfélaginu. Námskeiðið, kennarahandbókin og námsgögn voru án endurgjalds fyrir þátttakendur. Stjórnarmeðlimir sem sáu um undirbúning og framkvæmd námskeiðsins voru Sóley S. Bender og Helga Sigfúsdóttir.

Styrkumsóknir og styrkir

Sótt var um ýmsa styrki til að vinna að verkefnum samtakanna. Á þessu ári fengu samtökin úthlutað styrkjum frá Thorvaldsensfélaginu, Landsbankanum og lýðheilsusjóði. Styrkjunum verður ráðstafað til að halda námskeið fyrir kennara um nýja kynfræðsluefnið „Kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks“ og að kynna frekar handbókina Ertu klár í kynlífi? Verður hún þýdd og útbúin verða stutt kynningamyndbönd.

Erindi

Samtökunum berast ýmis erindi bæði frá erlendum og íslenskum aðilum. Má þar nefna beiðni um samstarf með þingmönnum, beiðni um framlag í pallborði um kynheilbrigðismál, beiðni um að nýta efni samtakanna og fyrirspurnir um kynfræðslu.

Reykjavík, 30. apríl 2025

Sóley S. Bender, formaður